

Fiskeldi Austfjörðum ehf.
Þórður Þórðarson
Nesbala 122
170 Seltjarnarnes

Reykjavík, 20. desember 2012

Tilvísun: 201212045 / 2.8.2

Efni: Fyrirspurn um breytingu á fiskeldi (þorskur í regnbogasilung) í Fáskrúðsfirði.


Vísað er til tölvupósts Fiskeldis Austfjarða hf., dags. 17. desember 2012, þar sem óskað er eftir upplýsingum um hvort fyrirhugaðar breytingar á fiskeldi Fiskeldis Austfjarða hf. í Fáskrúðsfirði séu tilkynningarskyldar skv. 13. tl. a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í erindinu kemur fram að ofangreint félag sé með leyfi til að framleiða 3.000 tonn af þorski árlega í Fáskrúðsfirði og hyggist óska eftir því að leyfinu verði breytt í heimild til að framleiða sama magn af regnbogasilungi.

Skipulagsstofnun vísar til fyrri málsmeðferða er varða umhverfisáhrif af þorskeldi í Fáskrúðsfirði. Árið 2004 var tekin ákvörðun um að allt að 3.000 tonna eldi á þorski, á ári, í Fáskrúðsfirði væri ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Nú stendur til að framleiða allt að 3.000 tonn af regnbogasilungi í stað þorsks. Varðandi mögulega erfðablöndun milli regnbogasilungs og villtra fiskistofna vísar Skipulagsstofnun til umsagnar Veiðimálastofnunar, móttækin 28. maí 2009, varðandi eldi á allt að 2.000 tonnum af laxi og eða regnbogasilungi í Dýrafirði. Þar segir m.a.:

„Regnbogasilungur er ekki náttúrulegur á Íslandi. Hann hefur verið í eldi hér sem og víða um lönd í áratugi en er upprunnin frá Vesturströnd N-Ameríku og hrygnir að vori. Regnbogasilungur hefur ekki náð að fjölga sér á Íslandi. Regnbogasilungur veldur því ekki erfðablöndunarhættu, né hefur varanleg áhrif á íslenskar ár og vötn.“

Í fyrri ákvörðun Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif af fiskeldi í Fáskrúðsfirði var gert ráð fyrir eldi á allt að 3.000 tonnum af þorski og breytingin sem nú er til umfjöllunar gerir ekki ráð fyrir að lífmassi aukist umfram það. Fyrir liggur álit Veiðimálastofnunar um að ekki sé hætt á því að regnbogasilungur valdi erfðablöndun né hafi varanleg áhrif á íslenskar ár og vötn. Í ljósi þess að ekki verður aukning í lífmassa og óveruleg hætt er talin á því að erfðaefni regnbogasilungs blandist villtum fiskistofnum telur Skipulagsstofnun að breytingin rúmist innan fyrri ákvörðunar. Fyrirhugaða breytingu á fiskeldinu sem hér er fjallað um þurfi því ekki að tilkynna til ákvörðunar um matsskyldu skv. 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun vekur hins vegar athygli á því að mögulega þarf að óska eftir breytingum á starfs- og rekstrarleyfi hjá viðkomandi leyfisveitendum.


Sigmar Arnar Steingrímsson